

Fundargerð 336. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 3. mars 2026
Fundartími: 17:00-17:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1) Fundargerð skipulagsnefndar nr. 320, dags. 25.02.2026

a) Forsæti 4 (L166337); byggingarheimild; skemma – 2511045

Móttekin var umsókn þann 19.11.2025 um byggingarheimild fyrir 240 m² skemmu á jörðinni Forsæti 4 (L166337) í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á frekari grenndarkynningu vegna málsins þar sem samþykki nágranna liggur fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa umsókn um byggingarheimild fyrir 240m² skemmu á jörðinni Forsæti 4 L166337 til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn fer ekki fram á frekari grenndarkynningu vegna málsins þar sem samþykki nágranna liggur fyrir.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

b) Dalsmynni L166326; Efnistaka E11 vegna Ölfusárbrúar; Framkvæmdaleyfi – 2602062

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Dalsmynnis, L166326, í Flóahrepp. Í framkvæmdinni felst efnistaka innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E11. Efnistaka allt að 30.000 m³, en grjót úr námunni fer í uppbyggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir 20.000 m³ verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar með er heimild efnistökusvæðis E11 í aðalskipulaginu fullnýtt.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir 20.000 m³ á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfið nær til efnistöku úr skilgreindri setnámu, E11 í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Fyrirhuguð efnistaka er innan grannsvæðis vatnsverndar VB3 í aðalskipulagi sveitarfélagsins en greinargerð ISOR vegna hugsanlegra áhrifa á vatnsból við efnistöku í landi Dalsmynnis var unnin 02.11.2022 og nær til ofangreinds svæðis. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að farið sé sérstaklega varlega með mengandi efni á efnistökusvæðinu en greinargerð ISOR sýnir fram á að áhrif efnistöku á vatnsból VB3 séu ólíkleg.

Sveitarstjórn gerir kröfur um að eftirfarandi skilyrðum verði framfylgt vegna útgáfu leyfisins:

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 20.000 m³.
- Efnislosun innan svæðisins er óheimil.

- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Ef framkvæmdaaðili hyggst sprengja eða fleyga efni á framkvæmdatímanum skal slíkt gert í samráði við skipulagsfulltrúa og aðliggjandi landeigendur og nágretta sem ætla má að yrðu fyrir ónæði.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Hurðarbaksvegi sem liggur frá Villingaholtsvegi (305-01) að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina og aðra framkvæmdaaðila á svæðinu á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Framkvæmdaaðili skal sýna aðgát í allri starfsemi innan svæðisins þar sem efnistökusvæðið er innan grannsvæðis vatnsverndar vegna VB3 í aðalskipulagi:
 - Geymsla mengandi efna s.s. olíu, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökunni hverju sinni, er með öllu óheimil innan svæðisins.
 - Geymsla annars tækjabúnaðar en þess sem tengist efnistökunni er með öllu óheimil innan svæðisins.

Með útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku allt að 20.000 m³ er heimild efnistökusvæðis E11 í aðalskipulagi sveitarfélagsins fullnýtt og ekki hægt að gefa út frekari framkvæmdaleyfi á grundvelli gildandi skipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; aðalskipulagsbreyting – 2406056

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt yfirlýsingu um samþykki á eignarmörkum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar legu á frístundasvæði F22 í Hvítárbyggð L238531 eftir auglýsingu. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við þeim umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 244, dags. 18.02.2026

Lagðar fram til kynningar.

3) Frá Rarik – Styrking á dreifikerfi Rarik við Hamarsveg

Fyrir liggur tölvupóstur frá Rarik vegna styrkingarverkefnis sem snýr að því að leggja niður loftlínu á milli Skógsness og Gaulverjabæjar og leggja í staðin jarðstreng sem verður plægður meðfram Hamarsvegi.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar þessu styrkingaverkefni. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra ásamt framkvæmda- og veitunefnd að skoða möguleika á samstarfi vegna styrkingaverkefnisins og endurnýjunar á kaldavatnslögn meðfram veginum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4) Umsókn um heimanámu í landi Þingdals

Fyrir liggur umsókn um leyfi til að starfrækja heimanámu í Þingdal L166405. Samkvæmt erindinu væri tilgangur námunnar m.a vegna framkvæmda og viðhalds á landi og mannvirkjum.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við minniháttar efnistöku til eigin nota enda heimild til þess í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn bendir þó á að efnistaka til eigin nota er ekki heimil á svæðum sem nýtur sérstakrar náttúruverndar, verndar vegna jarðminja eða þar sem vistkerfi njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Efnistöku á slíkum verndarsvæðum skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Í hluta lands Þingdals er grannsvæði vatnsverndar vegna VB2 í aðalskipulagi og skal landeigandi eiga samráð við sveitarfélagið um efnistöku innan vatnsverndarsvæðisins. Innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar skal ekki geyma mengandi efni s.s. olíu, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökunni hverju sinni og geymsla annars tækjabúnaðar en þess sem tengist efnistökunni er með öllu óheimili innan grannsvæðis vatnsverndar.

Efnistaka til eigin nota nær til efnistöku sem undir 50.000 m³ eða er undir 25.000 m² svæði. Ef fyrirhuguð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða er meiri en 50.000 m³ skal landeigandi tilkynna efnistöku til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um matsskyldu.

Ef ætlunin er að nýta efni til annars en eigin nota inni á landi Þingdals skal liggja fyrir heimild til efnistöku í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal byggja á.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5) Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 335, dags. 17.02.2026
- b) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 252, dags. 24.02.2026
- c) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 88, dags. 17.10.2025 og nr. 89, dags. 09.01.2026
- d) Stjórnar SASS nr. 633, dags. 06.02.2026
- e) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 166, dags. 11.02.2026
- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 993 dags. 18.02.2026

6) Efni til kynningar

- a) Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati
- b) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 17. mars kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)